



**Samtakahópurinn, fundur haldinn 11.02.2026 kl. 13:30 í  
Fjörheimum/ 88 húsinu, Hafnargötu 88**

**Mætt: Þormóður Logi Björnsson, Svava Ósk Stefánsdóttir, Elínborg Ingvarsdóttir, Melkorka Ýr Magnúsdóttir, Jón Ragnar Magnússon, Heiðrún Ósk Sigurðardóttir, Halla Karen Guðjónsdóttir, Una Björk Kristófersdóttir, María Guðmunda Pálsdóttir, Elín Rafnsdóttir, Sigrún Huld Auðunsdóttir, Helga Hafsteinsdóttir, Dagný Sveinsdóttir, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Kristjana Atladóttir, Ragnhildur Birna Hauksdóttir, Sigrún Guðbjörg Magnúsdóttir, Friðgerður Auðunsdóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina**

\*\*\*

***Fundargerð***

**Tómstundastefna og Tómsundamiðstöð**

Á fundinum kynnti Gunnhildur Gunnarsdóttir, forstöðukona Tómsundamiðstöðvar Reykjanesbæjar Tómsundastefnu Reykjanesbæjar og starfsemi Tómsundamiðstöðvar Reykjanesbæjar. Samþykkt stefnunnar markaði mikilvægt tímamót og stórt skref í forvarnarstarfi sveitarfélagsins þar sem í fyrsta sinn var sett fram heildstæð framtíðarsýn um tómsundastarf fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Tómsundabátttaka er mikilvægur liður í heilsueflandi samfélagi og hefur jákvæð áhrif á vellíðan og lífsgæði íbúa. Tómsundir eru athafnir sem fólk velur að stunda á eigin forsendum í frítíma sínum með það að markmiði að efla ánægju, þroska og vellíðan.

Rannsóknir sýna að þátttaka í skipulögðu tómsundastarfi styrkir andlega og félagslega heilsu, sjálfsmýnd og tengslamyndun. Fjölbreytt framboð og gott aðgengi eru lykilatriði til að mæta ólíkum þörfum.

Farið var yfir þróun félagsmiðstöðva í sveitarfélaginu og uppbyggingu þeirra á undanförunum misserum. Nýjar félagsmiðstöðvar hafa verið opnaðar og starfsemi eflað með það að markmiði að auka aðgengi, gæði og samfellu í starfi. Fram kom að vel hafi gengið í nýju félagsmiðstöðvunum, mæting sé góð og samstarf starfsfólks milli stöðva sé öflugt. Áhersla er lögð á sameiginlega og faglega sýn, skýra verkferla og markvissa tengslamyndun við ungmenni.



Tómstundamiðstöð Reykjanesbæjar gegnir lykilhlutverki í innleiðingu

Tómstundastefnunnar og vinnur markvisst að faglegri forystu, skýrum gæðaviðmiðum og þróun úrræða með áherslu á öflugt forvarnarstarf í þágu íbúa sveitarfélagsins.

## **Ungmennahing Barnaheilla um kynferðisofbeldi í nánnum samböndum haldið í Reykjanesbæ**

Fyrsta ungmennahing af sex var haldið föstudaginn 6. febrúar í Hljómahöll í Reykjanesbæ frá kl. 09:00–11:30. Um 100 ungmenni úr öllum skólum á Reykjanesi og Vogum tóku þátt í umræðum um kynferðisofbeldi í nánnum samböndum unglinga. Þingið var styrkt af dómsmálaráðuneytinu og verður haldið á sex stöðum á landinu.

### **Helstu markmið:**

- Fá innsýn í upplifun og viðhorf ungmenna um ofbeldi í samböndum.
- Ræða einkenni óheilbrigðra sambanda og hvert hægt sé að leita aðstoðar.
- Safna upplýsingum og hugmyndum frá ungmennum til að styðja við úrbætur og úrræði fyrir ungt fólk.

Starfsfólk frá Tómsundamiðstöð Reykjanesbæjar og félagsmiðstöðvum á Suðurnesjum, ásamt tómstundafulltrúa Fjölbautaskóla Suðurnesja tóku virkan þátt í undirbúningi þingsins. Þau gegndu einnig mikilvægu hlutverki sem borðstjórar á umræðuborðum og studdu við ungmenni í þátttöku í umræðum.

Þingið gekk vel og hlökkum við til að fá niðurstöður frá Barnaheillum.

### **Umræður**

Gunnhildur Gunnarsdóttir rifjaði upp þá vinnu sem fram fór á janúarfundi og var í framhaldi rætt um næstu skref á grundvelli þeirrar umræðu. Samhljómur var í hópnum um að þörf væri á endurskoðun erindisbréfs Samtakahópsins. Gunnhildi var falið að stofna minni starfshóp sem hefði það hlutverk að vinna að þeirri endurskoðun. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í þeirri vinnu munu hafa samband við Gunnhildi á næstu dögum.

**Fundi slitið kl. 15:00**

**Næstu fundur: þriðjud. 24. mars kl.13:30 í Fjörheimum/ 88 húsinu**